

Þingsályktun

**um samstarf við Færeyjar og Grænland á sviði menntunar
heilbrigðisstarfsmanna, starfsmannaskipti og veitingu
heilbrigðisþjónustu á milli landanna.**

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efna til samstarfs við stjórnvöld Færeyja og Grænlands um menntun heilbrigðisstarfsmanna í löndunum og að tryggja möguleika á starfsmannaskiptum milli landanna. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á því að þróa frekara samstarf á sviði geðlæknisþjónustu, bæði hvað varðar menntun starfsmanna og meðferð fyrir sjúklinga.

Samþykkt á Alþingi 11. febrúar 2014.